



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Mýrdalshreppur  
Sveinn Pálsson,  
sveitarstjóri  
Mýrarbraut 13  
870 Vík

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Tilvisun: UST20051100080/sf

## Hringvegur 1 um Mýrdal -tillögur um breytingu á veglínu

Vísað er til erindis Mýrdalshrepps dags. 29. nóvember 2005 þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun taki til skoðunar hugmyndir um hvernig Hringvegur 1 um Mýrdal (og gegnum Víkurþorp) skuli liggja til framtíðar og gefi um þær umsögn sem skipulagsnefnd og sveitarstjórn Mýrdalshrepps geti stuðst við, við gerð tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025. Með erindinu fylgdu tillögur um nýja legu Hringvegarins ásamt athugasemdum sem sveitarstjórn hafa borist við tillögurnar.

Í framangreindum tillögum að nýju vegstæði er gert ráð fyrir jarðgöngum gegnum Reynisfjall og að Hringvegur um Mýrdal liggja mun sunnar en núverandi vegur. Samkvæmt einni tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir jarðgöngum í gegnum Geitafjall. Allar veglínurnar liggja að einhverju leyti um Dyrhólahós, þrjár þeirra um ósinn norðanverðan en ein þeirra um hann sunnanverðan. Fyrirliggjandi eru tvær tillögur um legu vegarins í þéttbýlinu í Vík og tengingu þar inn á núverandi veg. Á uppdráttum sem sýna legu vegarins er jafnframt gert ráð fyrir sjóvarnargarði sunnan vegarins innan þéttbýlisins.

Almennt má segja að þær athugasemdir sem borist hafa sveitarstjórn við framangreindar tillögur um breytingu á legu þjóðvegarins varði annars vegar verndun náttúru og hagsmuna ferðapjónustu og hins vegar umferðaröryggi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við endurbætur á samgöngum við Vík í Mýrdal verði lögð á það áhersla að finna leið sem tekur bæði tillit til náttúruverndar og samfélagslegra hagsmuna, þ.m.t. bætts umferðaröryggis, og að ekki verði litið á þessa þætti sem andstæða og ósamræmanlega.

Umhverfisstofnun telur að við val á veglínu eigi m.a. að taka tillit til eftirfarandi atriða:

Eins og fram kemur hér að ofan liggja allar þær fjórar veglínur sem kynntar hafa verið að einhverju leyti um Dyrhólaós, sem er svæði sem er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar (svæði nr. 708). Í náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

**Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall, Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1)**  
*Fjörur, þar með Reynisfjara öll og grunnsævi í Dyrhólaósi ásamt Loftsalahelli og nánasta umhverfi.*

*Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir er sögustaður og sérstæður hellir í möbergshamri syðst í Geitafjalli. Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hliðar. Mikið fuglalíf. Sögulegar minjar.*

Veglína 3 liggur jafnframt rétt norðan við mörk friðlandsins Dyrhólaey. Í Dyrhólaey er mikið og fjölbreytt fuglalíf, auk þess sem Dyrhólaey er vinsæll áningarstaður ferðamanna, ekki síst vegna landslags. Dyrhólaey er þekkt kennileiti og frá henni er stórfenglegt útsýni.

Í Dyrhólaósi eru leirur, sbr. lýsingu á svæði nr. 708 hér að framan, en samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt lögnum skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, einnig njóta sérstakrar verndar en norðan við ósinn er framræst votlendi (engjar). Samkvæmt stefnumótun íslenska stjórnvalda í sjálfbærri þróun (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020) er lögð sérstök áhersla á verndun votlendis og endurheimt þess, en eitt af markmiðum þeirrar stefnumörkunar er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi og önnur lykilvistkerfi. Leitast skal við að endurheimta votlendissvæði sem ræst hafa verið fram, einkum á þeim svæðum þar sem framræsla hefur verið hlutfallslega mest. Þá kemur fram í stefnumörkuninni að þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði. Stefnumörkunin er nú í endurskoðun en í drögum að endurskoðaðri stefnumörkun „*Velferð til framtíðar: Megináherslur 2006-2009*“, sem lögð voru fram á Umhverfispingi í nóvember 2005 er það áfram sett fram sem markmið að forðast verði að skerða votlendi og að unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa. Fram kemur að gerð verði áætlun um stórauðna endurheimt votlendis.

Íslendingar hafa staðfest Ramsarsaminginn um votlendi (Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf), en markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Í samningnum er votlendi skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Grunnsvævi telst því einnig til votlendis skv. samningnum. Ætla má að erfitt sé um vik með endurheimt leira eða fjörugerða á grunnsvævi eða nánast óframkvæmanlegt og telur Umhverfisstofnun að það kalli á enn íhaldssamari stefna hvað varðar rask á grunnsvævisvotlendisgerðum vegna framkvæmda. Mótvægisáðgerðir verði fyrst og fremst að felast í því að raska þeim ekki.


### **Niðurstaða**


Það er mat Umhverfisstofnunar að leggja eigi áherslu á að vernda Dyrhólaey, Dyrhólaós, fjörur við Dyrhólaey, þ.m.t. Reynisfjöru, og votlendi norðan við Dyrhólaós sem eina heild, enda um að ræða svæði sem er mikilvægt fyrir fuglalíf og svæði sem nýtur vinsælda meðal ferðamanna. Auk þess er þar að finna vistkerfi sem leggja ber áherslu á að vernda samkvæmt stefnumörkun íslenskra stjórnvalda. Stofnunin telur að veglagning yfir Dyrhólaós muni rýra verndargildi svæðisins og hafa í för með sér neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Umhverfisstofnun er ekki mótfallin lagfæringum á Hringveginum um Mýrdal en telur að skoða verði mun betur hvort ekki megi bæta samgöngur með viðunandi hætti með lagfæringum á núverandi vegi. Stofnunin telur að ef vegurinn verður færður eigi að leggja hann þannig að nýr vegur liggja utan við það svæði sem er á náttúruminjasrá, auk þess sem forðast verði að raska votlendi.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að þær veglínur sem hér er fjallað um falla allar undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en samkvæmt 2. viðauka laganna eru allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Þá eru nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri meðal framkvæmda sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Sigurros Friðriksdóttir  
fagsviðsstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður